ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 23. september 1998 • 38. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Íshúsfélag Ísfirðinga hf. er að kaupa rækjuvinnslu Bakka í Hnífsdal og hyggst hefja vinnslu þar innan tíðar.

Íshúsfélagið kaupir rækjuvinnslu Bakka

Rækjuvinnsla hefst innan tíðar í Hnífsdal á ný

Íshúsfélag Ísfirðinga hf. er í þann veginn að ganga frá kaupum á rækjuvinnslu Bakka í Hnífsdal af Þorbirni í Grindavík. Björgvin Bjarnason framkvæmdastjóri félagsins staðfesti þetta við blaðið. Íshúsfélagið og aðaleigandi þess, Gunnvör hf. á Ísafirði, eiga töluvert mikinn rækjukvóta, eða á annað þúsund tonn. Ekki er enn ljóst hvenær félagið byrjar rækjuvinnslu í Hnífsdal, en ætla má að það verði í allra síðasta lagi um áramót en hugsanlega allmiklu fyrr.

Engin vinnsla hefur verið í rækjuverksmiðjunni í Hnífsdal um alllangt skeið, en hún er mjög fullkomin og í góðu standi. Varðandi kaupverðið fékkst hið hefðbundna svar, að það væri ekki gefið upp. „Við fáum verksmiðjuna á mjög góðu verði, að okkur finnst“, segir Björgvin, en um þessar mundir er verðið á rækjunni í öldudal og því ætti að vera hagstætt að kaupa.

Hótel Ísafjörður

Veitingarekstur-inn leigður út

Nýtt fyrirtæki, SKG-veitingar, hefur tekið á leigu allan veitingarekstur á Hótel Ísafirði frá næstu mánaðamótum.

Hér er um fjölskyldufyrirtæki að ræða, en eigendur þess eru hjónin Karl Ásgeirsson og Guðlaug Jónsdóttir og hjónin Snorri Bogason og Agnes Ásgeirsdóttir en þau þrjú fyrstnefndu eru öll matreiðslumeistarar.

Að sögn Snorra og Karls verða sjáanlegar og smakkanlegar breytingar á matseðlum á hótelinu, og þær vonandi til góðs, og veitingasölunum verða gefin sérstök nöfn.

Sumir eru jafnvel með þokkalegt bílverð í kjaftinum

- sjá viðtal við Aðalheiði Svönu Sigurðardóttur tannsmíðameistara á bls. 4.

Ávallt reiðubúinn, jákvæður og hjálpsamur

Sófus Magnússon leigubílstjóri í viðtali á bls. 8 og 9.

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

VÁ VEST ráðstefna að Núpi í Dýrafirði

Drög að áætlun um vímuvarnir

Áttatíu og sex manns sátu ráðstefnu um vímuvarnir á norðanverðum Vestfjörðum, sem haldin var á Núpi sl. laugardag. Tilgangur ráðstefnunnar var að veita bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavíkurhreppi aðstoð við gerð vímuvarnaáætlunar fyrir þessi byggðarlög. Þátttakendur voru úr ýmsum þeim hópum sem málið snertir helst, svo sem frá foreldrafélögum, íþróttafélögum, heilsugæslu, lögreglu og skólum. Um fjórðungur var á grunnskólaaldri.

Ráðstefnunni var skipt í tíu vinnuhópa, en úr niðurstöðum þeirra verður búin til eins konar beinagrind að vímuvarnaáætlun fyrir sveitarfélögin. Fólk var sammála um að ekki skuli hvika frá útivistarreglum, en jafnframt var lögð áhersla á nauðsyn þess að auka fjölbreytni í tómstundastarfi unglinga, einkum á kvöldin um helgar. Áfengiskaup fyrir unglinga voru fordæmd, og ljóst var að samfélagið fordæmir dreifingu og neyslu fíkniefna og vill leggja töluvert á sig til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Mikið var rætt hvernig virkja mætti hverja einingu samfélagsins, svo sem foreldrafélög, íþróttafélög, heilsugæslu, lögreglu og skóla. Þegar sveitarfélögin hafa markað sér stefnu í þessum málum munu þessir aðilar koma á eftir og vinna innan þess ramma.

„Ef sveitarstjórnirnar verða með stefnu í takt við þau drög sem þarna urðu til, þá verður hún mjög skýr og við sjáum fram á bjarta tíma í þessum málum í byggðunum á norðanverðum Vestfjörðum“, sagði Hlynur Snorrason, verkefnisstjóri VÁ VEST í samtali við blaðið. „Á næstu dögum munu sveitarstjórnirnar fá niðurstöðurnar og sjá hver er vilji þeirra sem þarna komu saman.“

Fátt um svör

Leiðari

Í byrjun þessa mánaðar tók BB til umfjöllunar vegaframkvæmdir í Ísafjarðardjúpi og beindi markvissum spurningum til Vegagerðarinnar þar að lútandi. Með því var þráðurinn tekinn upp á ný frá því er leiðari sem bar yfirskriftina „Vegurinn fýkur burt” birtist hér í blaðinu. Í þeim leiðara voru spurningar lagðar fyrir forsvarsmenn Vegagerðarinnar, sem sem þeim hefur enn ekki þótt við hæfi að svara, frekar en spurningunum fyrr í mánuðinum. Viðbrögð Vegagerðarinnar opinberast í þögninni. Þau eru því miður ekkert einsdæmi. Þvert á móti eru þau í takt við afstöðu, sem virðist landlæg hjá fjölmörgum embættismönnum, að ekki sé minnst á stjórnmálamenn, sem sumir hverjir hafa lítið um að tala, og enn minna fram að færa, utan að frá þeim heyrist eitthvert kvak á fjögurra ára fresti þegar þá vantar atkvæði til að halda vinnunni.

Hvernig væri nú að Vegagerðin hristi af sér slenið, mannaði sig upp og gæfi Vestfirðingum svör við þeim spurningum, sem fyrir hana hafa verið lagðar í sambandi við framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi.

Ekki er langt síðan blaðið krafðist svara þriggja stjórnmálaforinga vegna orða eins þingmanns Vestfirðinga, sem kvað formenn sína hafa ráðið og síðar meir rekið einn bankastjórna Landsbankans. Af því að þannig stóð í bóliið? Formenn þeirra þriggja flokka, sem töldu á vísan að róa með bankastjóra í Landsbankanum, fram til þess tíma að bankinn var gerður að hlutafélagi, voru spurðir hvort þeir hefðu virkilega haft það ofurvald yfir stærsta banka landsins, sem þingmaðurinn greindi frá.

Sem við var að búast var spurningu BB mætt með þögninni. Það hentar ekki formönnum Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að ræða opinberlega þau tök, sem þingmaðurinn kvað þá hafa haft á bankanum, að geta ráðið og rekið bankastjóra þegar þeim bauð svo við að horfa. Orð þingmannsins um vald formanns síns urðu ekki misskilin.

Sú var tíð uppi í Ísafjarðarbæ að æðsti embættismaður bæjarins lýsti því yfir, að það væri fyrir neðan virðingu hans að svara nöldri bæjarbúa. Menn fingurbrutu sig ekki við svarbréfaskriftir á þeim bæ. Vonandi telja menn sig þar ekki lengur yfir það hafna að svara fólki sé fyrirspurnum beint til þeirra eða gagnrýni fram sett.

Í þessum leiða kæk, þögninni, sem alltof margir embættismenn hafa tileinkað sér, birtist í senn hroki og lítilsvirðing, sem engum er sæmandi.

s.h.

Þróunarverkefni í ísfirskum iðnaði

Sigurður Jónsson til 3X-Stál ehf.

Gengið hefur verið frá ráðningu Sigurðar Jónssonar, skipatæknifræðings og núverandi framkvæmdastjóra Skipasmíðastöðvarinnar hf., á Ísafirði á tæknideild 3X-Stáls ehf. á Ísafirði og mun hann hefja störf á hinum nýja vinnustað um næstu mánaðamót.

Góð verkefnastaða hefur verið hjá 3X-Stál ehf. frá því fyrirtækið var stofnað og að undanförnu hefur þeim fjölgað til muna. Í kjölfar stofnunar dótturfyrirtækis í Garðabæ, Stálnausts ehf., hafa verkefnin enn aukist og þá sérstaklega hvað varðar hönnunarvinnu. Meðal verkefna fyrirtækisins í dag má nefna smíði á fullkominni bolfisklínu fyrir togarann Pál Pálsson ÍS, en sá búnaður verður settur í skipið á næstu vikum. Að því verki koma ýmis fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum m.a. Vélsmiðjan Mjölnir hf. í Bolungarvík og Póls hf., Eiríkur og Einar Valur hf. og Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði. Þá er undirbúningsvinna við byggingu á nýrri rækjuverksmiðju í Kanada vel á veg komin en það verkefni er eitt það viðamesta sem 3X-Stál hefur tekið að sér til þessa.

Skipasmíðastöðin hf. og 3X-Stál hafa undanfarin ár

Sigurður Jónsson.

stundað umfangsmikla vöruþróunarvinnu, hvort á sínu sviði og hafa fyrirtækin nú ákveðið að gera með sér samkomulag um sérstakt þróunarverkefni sem miðar að því að stórauka framleiðni í þeim verkum sem þau eru að vinna að, m.a. með aukinni notkun á tölvustuddri hönnun og framleiðslu. Tilgangur verkefnisins verður að auka hæfni fyrirtækjanna til að taka að sér flóknari verkefni m.a. í tengslum við fiskiskip, nýsmíði og breytingar. Markmiðið er að byggja upp þekkingu og tækjabúnað til að gera það kleift að vinna samhliða ýmis verkefni sem hingað til hefur þurft að vinna hvert á eftir öðru. Með því ráðgera forsvarsmenn fyrirtækjanna að hægt sé að stytta verktíma að lágmarki um 25% og lækka vinnukostnað um 20% að lágmarki.

Það er sannfæring forsvarsmanna fyrirtækjanna að mikilvægt sé fyrir ísfirsk iðnfyrirtæki að taka höndum saman um að innleiða nýjustu þekkingu og tækni í hönnun og framleiðslu. Þannig geti þau samnýtt krafta sína til að ná samkeppnisforskoti, hvert á sínu sviði.

Hnífsdalur

Gunnar stjórnar

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er því sem næst frágengið, að Gunnar Þórðarson verði framkvæmdastjóri rækjuvinnslunnar í Hnífsdal, sem Íshúsfélag Ísfirðinga er að festa kaup á þessa dagana, sbr. frétt á forsíðu.

Hnífsdalur

Aukinn hlutur

Tryggingamiðstöðin hf. hefur keypt 3% hlut í Hraðfrystihúsinu Hnífsdal hf.

Að sögn Gunnars Felixsonar framkvæmdastjóra á Tryggingamiðstöðin hluti í mörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskvinnslu, þar á meðal í tveimur öðrum fyrirtækjum á Vestfjörðum.

ÍSAFJARÐARBÆR

ÞJÓNUSTUDEILD HLÍFAR

Starfsfólk vantar í aðhlynningu. Vinnutími frá kl. 17:30-21:30. Upplýsingar hjá forstöðumanni Hlífar Elínu Þóru Magnúsdóttur í síma 456 4076 á Hlíf.

Heilbrigðisstofnunin

Sérfræðingar á ferð

Dagana 30. september til 2. október verður Hanna Jóhannesdóttir sérfræðingur í húðsjúkdómum með móttöku á heilsugæslustöðinni á Ísafirði og dagana 5. -7. október verður Ragnar Daníelsson hjartasérfræðingur með móttöku á sama stað. Tímapantanir eru í síma stofnunarinnar 450 4511 alla virka daga frá kl. 08:00-12:30 og frá kl. 13:30-16:00. Ath! Einungis er tekið á móti pöntunum í síma.

Listaskóli Rögnvaldar

Haustarfið að hefjast

Haustarfið hjá Listaskóla Rögnvaldar á Ísafirði er að hefjast um þessar mundir. Fjölbreytt úrval námskeiða verður á boðstólum í vetur og má þar m.a. nefna myndlistarnámskeið fyrir börn, gítarnámskeið, námskeið í ljósmyndun, teiknun og málun og námskeið í litameðferð og teiknimyndasagnagerð. Nýjung í vetur er námskeið í gerð stuttmynda og meðferð myndbandsupptökuvéla. Innritun stendur nú yfir.

Ísafjarðarkirkja

Skortur á söngfólki

Að sögn Huldu Bragadóttur organista er skortur á söngfólki í allar raddir kórs Ísafjarðarkirkju. Vetrarstarfið er að hefjast og mun Ingveldur Hjaltested kórþjálfari verða með námskeið á vegum söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar dagana 1.-4. október í Ísafjarðarkirkju. Boðið er upp á hóptíma og einkatíma, fólki að kostnaðarlausu, og veitir Hulda Bragadóttir allar nánari upplýsingar.

Vinnuhópur að störfum á ráðstefnunni að Núpi í Dýrafirði.

Aldarafmæli Ragnars H. Ragnar

Í tilefni af aldarafmæli Ragnars H. Ragnar, fyrrum skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar, verður skólahús Tónlistarskóla Ísafjarðar formlega tekið í notkun ***laugardaginn 26. september kl. 18:00.***

Einnig verður tekin skóflustunga að nýjum tónleikasal. Á dagskránni verða ávörp og kórsöngur. Að athöfn lokinni verður boðið upp á hressingu. Allir velkomnir.



ÍSAFJARÐARBÆR

Breytingar á umferð um Austurveg frá 1. október 1998

Þann1. október nk. verða gerðar eftirtaldar breytingar á umferð um Austurveg:

1. Akstursstefnu verður breytt þannig að einstefna verður frá Norðurvegi að eystri gafli Austurvegar 9.

2. Almenn umferð, nema almenningsvagnar, skólabílar og neyðarakstur, frá Aðalstræti að eystri gafli Austurvegar 9, verður ekki heimiluð á tímabilinu frá kl. 08:15-15:00 mánudaga til föstudaga, þ.e. á meðan skólinn starfar.

3. Ekki verður heimilað að leggja þar nema í þar til gerðum bílastæðum.

Þessa dagana er verið að gera þær breytingar á götunni sem þarf til þess að ofangreindar breytingar geti átt sér stað. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið fyrir 1. október nk.

Auk breytinga við götuna er verið að gera bílastæði fyrir aftan Sundhöll. Reiknað er með að framkvæmdum við það verk verði lokið fyrir 1. október nk.

NÁMSKEIÐ

Í haust býður Gardínubúðin upp á fjölbreytt námskeið við allra hæfi

Hin vinsælu bútasaumsnámskeið hefjast í byrjun október. Kennari: Guðfinna Hreiðarsdóttir.



Og fyrir þá sem vilja sauma fötin sín sjálfir verður boðið upp á námskeið í fatasaum. Hefst í byrjun október. Kennari: Agnes Aspelund.

Prjónanámskeið verður haldið ef næg þátttaka fæst. Kennarar frá Ístex.

Það vinsælasta í dag!

Námskeið í trémálun og notkun stensla (Folk Art). Kennarar frá versluninni Föndru. Allt efni fæst í Gardínubúðinni.

Jólavörurnar komnar! Mikið úrval af fataefnum og prjónavörum

GARDÍNUBÚÐIN
Hafnarstræti 8 • Sími 456 3530

Aðalheiður Svana Sigurðardóttir, tannsmíðameistari.

SUMIR ERU JAFNVEL LEGT BÍLVERÐ Í KJAF

„Starfið er mikil nákvæmnisvinna og bæði fjölbreytt og áhugavert. Hvert einasta verkefni tannsmiðs er sérsmíði en ekkert smíðað á lager. Þegar ég smíða heilgóma, parta, brýr eða krónur, þá getur enginn notað það nema sá sem ég er að smíða fyrir.“

– Þannig að það þýðir þá lítið fyrir ömmu og afa að taka gómana hvort frá öðru. Maður heyrði að rónarnir sem sátu inni yfir nóttina í Reykjavík í gamla daga og höfðu ælt út úr sér tönnunum einhvers staðar hefðu fengið að morgni gramsa í fötu með óskilagómum og máta…

„Það eru til allskonar brandarar um slíkt, en það gengur ekki. Það eru engir tveir gómar eins.“

Aðalheiður Svana Sigurðardóttir (Heiða) er tannsmíðameistari á Ísafirði. Hún smíðar upp í fólk en hefur lítt fengist við dýratennur enn sem komið er. Þó hefur hún smíðað einn góm með tönnum úr sauðkind.

Heiða smíðar heila góma, stakar tennur, krónur á tennur – hreinlega allt sem þarf í einn kjaft svo að hann geti bitið frá sér. Ástæður tannsmíða eru tvennskonar. Tannmissir sem ýmist verður af völdum slysa eða sjúkdóma veldur bæði því að erfiðara er að tyggja en ekki síður eru það breytingarnar á útliti fólks sem þykja hvimleiðar, ekki síst ef gapandi geil er þar sem framtönn var áður. Tannsmíði er bæði fagurfræði og vísindi. Starfssvið tannsmiða nær einnig til tannréttingarplatna og bithlífa af ýmsu tagi. Bithlífar má oft sjá uppi í íþróttamönnum í leik, einkum körfuboltamönnum, en líka sefur fólk með slíkar hlífar til þess að koma í veg fyrir að það gnísti tönnum í svefni. Meginástæða þess að fólk sefur með slíkar hlífar er ekki fyrst og fremst að koma í veg fyrir að það sjálft eða hjásvæfurnar vakni við hávaðann, heldur til að koma í veg fyrir slit á tönnunum.

Skrúfuígræðslur (implant) eru nýjar af nálinni, en á þær er hægt að festa heilgóma, stakar tennur og brýr. Þá er skrúfað upp í beinið. „Þetta er Sigurjón tannlæknir farinn að gera og nýkominn af námskeiði í slíku. Við erum búin að fá eitt slíkt verkefni og það er óskaplega spennandi og áhugavert. Ef einhver missir t.d. eina tönn, þá er skrúfað upp í beinið og króna sett á skrúfuna, í staðinn fyrir að spóla í tennurnar við hliðina og festa nýju tönnina við þær“, segir Aðalheiður.

– Getur maður þá skrúfað úr sér tönnina eins og ljósaperu?

„Nei, að er nú ekki hægt. Hún er föst á sínum stað rétt eins og náttúrleg tönn, bara með rót úr málmi.“

– Þannig að maður fær ekki tannpínu í hana…

„Enga tannpínu og ekkert tannakul.“

Það er langur ferill og flókinn að smíða upp í fólk. „En ef við tökum eina tannkrónu sem dæmi, þá byrjar viðkomandi á því að fara til tannlæknis, sem sker niður tönnina til þess að hægt sé að byggja hana upp aftur og setja á hana nýja krónu. Hann gerir mót sem ég fæ í hendur og ég bý til módel. Svo bræði ég málm í sérstakri vél og steypi stofn tannarinnar, sem postulínið (glerungurinn) er síðan brennt utan um í þeim litbrigðum sem óskað er. Þessi ferill er reyndar fjölbreyttari og flóknari en þessi grófa lýsing bendir til, og koma þar ýmsar tilfæringar og ýmis efni við sögu.“

Enn sem komið er mega tannsmiðir ekki taka mótin sem smíðað er eftir, heldur verða tannlæknar að gera það, en það mál er í nefnd hjá Alþingi og mun væntanlega koma í ljós upp úr áramótum hvort tannsmiðir fá að taka við sjúklingum beint.

– Smíðarðu bara upp í fólk? Hefurðu nokkurn tímann smíðað upp í dýr?

„Nehei. Ekki ennþá. En ég veit að tannlæknarnir hér hafa gert við tennur í hundum. Tíkin hans Sigurjóns hljóp á vír eða eitthvað og Viðar hjálpaði honum að rótfylla og gera við það sem þurfti.“

– En þú hefur ekki þurft að

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 39: 201 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **innb. bílskúr. Húsið nýmálað, nýtt þak. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 13,500,000,-**
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Laust strax. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax. Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni. Tilboð óskast**
Hjallavegur 19: 242 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 10,500,000,-**
Hlíðarvegur 38: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum. **Skipti á minni eign möguleg. Verð kr. 9,500,000,-**
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **góðum tvöföldum bílskúr. Áhv. ca. 3,7 millj. Verð kr. 13,200,000,-**
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2,2 millj. Möguleiki á að lán fylgi upp á 7,1 millj.
Verð kr. 11,000,000,-
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á eign á Eyrinni. Áhv. ca. 3,5 millj.
Verð kr. 9,900,000,-
Sunnuholt 6: 231,7 m² rúmgott einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign mögul. Í kjallara er 60 fm einstakl.íbúð.
Verð kr. 13,500,000,-
Tangagata 15b: 103 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj. **Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Ekkert áhvílandi. **Verð kr. 11,800,000,-**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. **Verð kr. 13,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2 m² 4-5 herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara.
Verð kr. 8,500,000,-
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj.
Verð kr. 7,000,000,-
Hjallavegur 12: 113,9 m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,9 millj. Verð kr. 5,500,000,-**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Stórholt 9: 164,30 m² 6 herb. íbúð á 1. h.t.v. ásamt **kjallara m/sér inngangi. Hægt er að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj.**
Verð kr. 8,000,000,-
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð.**
Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið allt uppgert. **Mögul.sk. á minni eign. Áhv. ca. 3,6 millj.**
Verð kr. 6,900,000,-
Urðarvegur 25: 154,6 m² 5-6 herb. íbúð að hluta á tveimur hæðum í tvíb.húsi ásamt **bíl-skúr. Skipti á ódýrari eign mögul. Verð kr. 9,300,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj. Verð kr. 7,200,000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 3,000,000,-**
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **aukaherbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,700,000,-**
Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. **Möguleg skipti á stærri eign. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 13: 86,3 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og **bílskúr. Verð kr. 6,200,000,-**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Verð kr. 6,000,000,-**
Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríb.húsi ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 3,8 millj. Góð kjör í boði. Verð kr. 6,500,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð í góðu standi á 3ju hæð f.m. í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi. **Laus fljótlega**
Verð kr. 5,500,000,-
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í **góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Áhv. ca. 2 millj.**
Verð kr. 4,900,000,-

Súðavík

Holtagata 26: 86,9 m² parhús á einni hæð byggt 1996.
Verð kr. 5,500,000,-

Hlíðarvegur 31:
130 m² einb.hús á 2 hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er nær allt uppgert að utan sem innan. Mjög gott útsýni.**
Verð kr. 10,700,000,-

MEÐ ÞOKKA-TINUM

smíða upp í hana…

„Nei, en þeir voru nú að grínast með hvort ég gæti ekki búið til fyrir hana krónur, af því að hún er með silfurfyllingu. En vissulega eru búnar til gervitennur eins og Laddi notar t.d. þegar hann er Marteinn Mosdal eða Kínverjinn. Fyrir eitt þorrablótið hérna skellti ég tönnum úr sviðahaus í góm og hafði uppi í mér. Ég var dálítið sauðsleg þegar brosti.“

– Ef það er nógu mikill málmur í kjaftinum á manni – fara þá ekki vopnaleitartækin á flugvöllum og allt í gang?

„Nei, það sem við notum hefur ekki áhrif á slík tæki. Það eru allt eðalmálmar, m.a. svipað og er í gullhringum, nema bara harðari.“

– Ertu með stafla af gullstöngum í kjallaranum?

„Ég segi það nú ekki. En ég hef nóg. Þetta er alveg rosalega dýrt. Það sem er dýrast í tannsmíðunum er málmurinn. Á seinni árum er gullið í tönnunum falið með postulíni, en í einni brú getur bara málmurinn verið upp á tugi þúsunda.“

– Kannski öruggast fyrir suma að sofa með hausinn á sér inn í peningaskáp…

„Já. Í einstaka manni getur málmurinn og önnur efni uppi í honum ásamt vinnu tannlæknis og tannsmiðs numið þokkalegu bílverði, eitthvað á bilinu hálf til ein milljón króna.“

– Á sínum tíma fór fólk í hópferðir til Búlgaríu og keypti sér tilbúna tanngarða og svo kom allur hópurinn heim aftur með spes-stöðluðu smæli, eins og einhver orðaði það.

„Já, þetta var á tímabili. Það var vissulega mikið brosað á flugvellinum þegar þetta fólk var að koma með nýju græjurnar. Þó held ég að aðrir hafi brosað meira en fólkið sjálft. Þetta var alveg skelfilegt í mörgum tilvikum. Tannlæknarnir krossuðu sig í bak og fyrir þegar þeir sáu upp í fólkið. Hérna heima er ábyrgð á tannsmíði eins og öðru, en þeir sem kaupa tilbúna góma einhvers staðar í Austur-Evrópu hafa engan rétt af því tagi. Ég hef skráðan uppruna og lotunúmer á öllum mínum málmum og efnum og veit hvaða efni fer upp í hvern. Ef upp kæmi framleiðslugalli í einhverju efni, þá gæti ég innkallað sjúklinginn. Þannig var þetta ekki áður. Og í Austur-Evrópu er töluvert af geislavirku gulli á markaðnum, enginn veit hvaðan það kemur og enginn veit hvort það kann að rata upp í fólk eða í gullhringa eða yfirleitt hvar það lendir. Hér á Íslandi er hægt að rekja allt“, segir Heiða.

Teikning af húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar ásamt viðbyggingu (til vinstri) sem kemur til með að hýsa nýjan tónleikasal. Fyrsta skóflustungan að byggingu hans verður tekin á laugardag.

Fyrsta skóflustungan tekin að nýjum tónleikasal

Sinfóníuhljómsveitin með tónleika í minningu Ragnars H.

Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur til Ísafjarðar á laugardaginn, 26. september, og heldur tónleika í íþróttahúsinu á Torfnesi. Tónleikarnir eru til minningar um tónlistarfrömuðinn Ragnar H. Ragnar, en hinn 28. september eru liðin 100 ár frá fæðingu hans.

Með Sinfóníunni mun syngja um 60 manna blandaður kór með söngfólki frá Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafirði, Bolungarvík og Súðavík. Björn Bjarnason menntamálaráðherra ætlar einnig að heiðra minningu Ragnars heitins með því að koma og vera viðstaddur tónleikana.

Að þeim loknum verður farið niður að Tónlistarskólanum við Austurveg og tekin fyrsta skóflustungan að nýjum tónleikasal sem verður byggður í garðinum á bak við húsið. Salurinn mun taka 150-170 manns í sæti og þar eiga hljómgæði að verða eins og best verður á kosið. Arkitekt er Vilhjálmur Hjálmarsson en honum til aðstoðar hefur verið Stefán Einarsson, sem er helsti sérfræðingur landsins í hljómburði tónleikasala.

Það er athyglisvert, að Ragnar H. Ragnar vantaði aðeins einn eða tvo mánuði í fimmtugt þegar hann kom til Ísafjarðar og var hann því að komast á þann aldur þegar margir fara að slaka á. Hins vegar var Ragnar heitinn enginn venjulegur maður og væri hver sem er fullsæmdur af því ævistarfi sem hann vann hér vestra næstu áratugina eftir að hann kom hingað, með dyggum stuðningi hinnar glæsilegu eiginkonu sinnar, Sigríðar Jónsdóttur frá Gautlöndum.

Flosi Kristjánsson (helmingurinn af Ágústi og Flosa) ásamt Sigríði Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar, og Einari Ingvarssyni, stjórnarmanni og byggingarnefndarmanni Tónlistarfélags Ísafjarðar.

Tvenn hjón í samkvæmi Tónlistarfélags Ísafjarðar: Jón B. Guðjónsson og Geirþrúður Charlesdóttir, og Bragi Þorsteinsson og Bára Einarsdóttir. Bára er núverandi varaformaður félagsins og fyrrverandi formaður, en Geirþrúði var boðið sérstaklega vegna þess að hún var frumkvöðull að því á sínum tíma að samið yrði við bæinn um að sameinast í því að koma upp húsnæði fyrir tónlistarskóla.

Tónlistarfélag Ísafjarðar

Ágústi og Flosa þakkað gott verk

Tónlistarfélag Ísafjarðar hélt byggingaverktökunum Ágústi og Flosa dálitla veislu í Tjöruhúsinu á Ísafirði sl. föstudagskvöld, í þakklætisskyni fyrir afar vel unnið starf í þágu félagsins.

Verk þeirra fólst í því að endurbyggja tvær efri hæðirnar í hinu gamla húsi Húsmæðraskólans við Austurveg og er húsnæðið nú sérhannað fyrir tónlistarkennslu. Komin er ný einangrun, nýjar lagnir, ný lýsing, ný gólfefni og sitthvað sem snýr að hinum nýju og sérstöku þörfum, „en jafnframt hefur verið reynt að láta hinn gamla og góða karakter hússins halda sér“, segir Úlfar S. Ágústsson, formaður Tónlistarfélagsins.

„Verkið er afar vel af hendi leyst og húsið er mjög fallegt og skemmtilegt, eins og það hefur raunar alltaf verið“, segir Úlfar.

Í veislunni voru forsvarsmenn og velunnarar Tónlistarfélagsins, fulltrúar bæjaryfirvalda og fleiri gestir. Formaður byggingarnefndar Tónlistarfélagsins er Kristján Haraldsson, en eftirlitsmaður við framkvæmdirnar var Gísli Gunnlaugsson.

Stjórn Boltafélags Ísafjarðar í stórhug

Leggur til að lokið verði við knattspyrnusvæðið á Torfnesi

Stjórn Boltafélags Ísafjarðar hefur sent Íþróttabandalagi Ísfirðinga bréf þar sem lagðar eru fram tillögur að því að fullklára knattspyrnusvæðið á Torfnesi en það hefur sem kunnugt er verið óbreytt í hátt í tuttugu ár. Með tillögunum fylgir teikning af svæðinu sem Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt hefur hannað. Áætlaður kostnaður við verkið er 27-30 milljónir króna að mati félagsins.

Í tillögunum er m.a. gert ráð fyrir að báðir vellirnir á svæðinu verði lagðir torfi og þeir tengdir saman í eitt svæði. Þá gera tillögurnar ráð fyrir að hækka þurfi núverandi grasvöll um 15 sm og að hann verði lengdur um 15 metra að íþróttahúsinu og malarvöllurinn um 10 metra við suðurenda. Þá er lagt til að svæðið verði girt með tveggja metra hárri girðingu og að settar verði trjáplöntur meðfram henni. Lagður verði vegur frá Miðtúni að vallarhúsi, keyptur verði nýr vatnsúðunarbúnaður og að aðstaða og tæki til að stunda frjálsar íþróttir verði til staðar.

Boltafélagið óskar eftir því að Ísafjarðarbær geri samning við félagið um framkvæmdina og er lagt til að verkinu verði lokið árið 2000.



Útlitsteikning af svæðinu.

Dró umsóknina til baka

Í niðurlagi fréttar í síðasta blaði var sagt, að sr. Gunnar Björnsson í Holti hefði nýlega sótt um embætti sóknarprests á Kirkjubæjarklaustri en ekki fengið.

Hið rétta er, að hann sótti um embættið en dró umsókn sína til baka.

ÉG ER EKKI KOMINN TIL AÐ TAPA

– SEGIR TONY GARBELOTTO, HINN NÝI ÞJÁLFARI KFÍ



Nýi þjálfarinn hjá Körfuboltafélagi Ísafjarðar (KFÍ) heitir Tony Garbelotto. Hann er enskur og kemur frá London en eins og nafnið bendir til er faðir hans ítalskur. Tony er 29 ára og hefur stundað þjálfun í níu ár. Á ungum aldri spilaði hann körfubolta, en meiddist illa á hné og þurfti að taka sér nokkurra ára hlé og sneri sér að þjálfun á meðan hann væri að lagast. Hann kveðst síðan hafa komist að því, að hann væri betri þjálfari en leikmaður og spilar síðan eingöngu sér til gamans. Hann mun því ekki leika með KFÍ, eins og Guðni Guðnason þjálfari gerði á síðasta ári.

Tony Garbelotto er ekki eini nýi útlendingurinn sem kemur til liðs við KFÍ. Maður kemur í manns stað og í staðinn fyrir Bandaríkjamanninn David Bevis kemur landi hans James Cason og í staðinn fyrir Spánverjann Marco Salas kemur ungur, enskur leikmaður að nafni Mark Quashie. „Ég hygg að margir muni vera sammála um að Mark sé einhver eftirtektarverðasti nýi leikmaðurinn í íslenskum körfubolta“, segir Tony Garbelotto.

Körfuboltinn var lítils metinn í Englandi þangað til fyrir örfáum árum, en undanfarið hafa fyrirtæki fjárfest mikið í körfuboltafélögum þar. Uppgangur íþróttarinnar hefur verið hraður og atvinnumannaklassinn í Englandi er orðinn mjög sterkur. Hins vegar byggist sá styrkur mest á Bandaríkjamönnum en ekki Englendingum, því að ensk lið mega hafa allt að fimm erlenda leikmenn innanborðs.

– Knattspyrnan er að sigra Ameríku þessi árin og körfuboltinn er á sama hátt að hertaka England...

„Já, og ekki bara England, heldur Evrópu yfirleitt“, segir Tony, „og gríðarlegur fjöldi barna og ungmenna um alla álfuna leggur stund á íþróttina.“

Tony kom til Íslands um miðjan júlí og kom þá strax vestur til Ísafjarðar, en furðu fáir virðast kannast við hann. „Ég læt lítið á mér bera. Ég hef verið að vinna að því að koma liðinu saman og jafnframt að kynnast framandi menningu og nýju fólki.“

– Þekktirðu eitthvað til íslenska körfuboltans áður en þú komst?

„Já. Fyrrum landsliðsþjálfari Íslands, Lazslo Nemeth, er nú yfirþjálfari landsliðs Englendinga og ég var aðstoðarþjálfari hans. Hann sagði mér margt um Ísland og körfuboltann hér, svo að ég vissi nokkuð vel að hverju ég væri að ganga.“ Tony stundaði einnig þjálfun hjá atvinnumannaliðinu London Towers, sterkasta körfuboltafélagi Englands, og stjórnaði þar þjálfun yngri flokkanna.

– Há dú jú læk Ísafjörður?

„Oh, I love it! Ég kem frá einni af stærstu borgum heimsins og

---

Jónas Guðmundsson í Bolungarvík skrifar um vegamál á Vestfjörðum

Vonbrigði í vegamálum Vestfjarða

Nú er gott sumar að baki á Vestfjörðum. Veður hefur lengstum verið eins og best verður á kosið, fjöldi ferðamanna sótt fjórðunginn heim og nývígð Hvalfjarðargöng færa Vestfirði og höfuðborgina nær hvort öðru svo um munar. Farið er að halla sumri og hvíti liturinn að verða meira ráðandi í landslaginu. Þetta leiðir hugann að því sem framundan er í veðri, færð og samgöngum.

Slitlag á alla helstu vegi ekki síðar en árið 2010

Í þinglok nú snemmsumars samþykkti Alþingi vegaáætlun til fimm ára og langtímaáætlun í vegamálum til ársins 2010. Meðal margra jákvæðra atriða sem í langtímaáætluninni er að finna, er að eigi síðar en árið 2010 skal vera lokið við að leggja bundið slitlag á hringveginn og alla vegi sem frá honum liggja að þéttbýlisstöðum með yfir 200 íbúa.

Fyrir íbúa Vestfjarða þýðir þetta að aka má á bundnu slitlagi alla leið frá Reykjavík um Hólmavík og Djúp til Ísafjarðar eigi síðar en eftir tólf ár og á sama hátt til Vesturbyggðar um Bröttubrekku og austur Barðastrandarsýslur. Gert er ráð fyrir að verja til þessa verks, þ.e. til að ljúka við veginn um Ísafjarðardjúp og Fellabök; veginn milli Flókalundar og Bjarkalundar og veginn frá Hólmavík um Strandir eða Tröllatunguheiði samtals 3.000 m.kr. eða 250 m.kr. árlega. Þá eru ótaldar fjárveitingar til ýmissa vegaframkvæmda í fjórðungnum, sem ákveðnar hafa verið samkvæmt vegaáætlun til næstu fimm ára.

Allflestir nema Vestfirðingar með slitlag þegar eftir fimm ár

Á hinn bóginn er ýmislegt í áætluninni ekki eins jákvætt. Tólf ár teljast óneitanlega langur og dýrmætur tími í lok tuttugustu aldar til að uppfylla það sem flestum íbúum þessa lands finnst í dag sjálfsagður hlutur eins og greiðfærir vegir með bundnu slitlagi, sem opnir eru svo til alla daga, árið um kring.

Samkvæmt áætluninni verða t.d. þegar á næstu fimm árum nánast öll sveitarfélög landsins með fleiri en 1.000 íbúa, nema á Vestfjörðum, komin með bundið slitlag inn á hringveginn, sem sjálfur verður sömuleiðis lagður slitlagi að mestu leyti á sama tíma.

Óvíst hvort heilsársleiðin til Reykjavíkur styttist nokkuð næstu 12 ár

Á næstu árum mun veguriinn frá norðanverðum Vestfjörðum til Reykjavíkur vissulega lagast heilmikið gangi langtímaáætlunin eftir. Það eru hins vegar mikil von-

Jónas Guðmundsson.

brigði, að ekkert virðist eiga að huga að styttingu leiða, þótt ýmsir möguleikar séu fyrir hendi í þeim efnum. Sumarleiðin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Djúp og Strandir er í dag 496 km.

Þannig stytti vegur um Þorskafjarðarheiði leiðina þarna á milli um heila 54 km. Leiðin um Tröllatunguheiði (eða Arnkötludal og Gautsdal) stytti leiðina um 38 km og Vesturleið, sem svo er kölluð, frá Ísafirði suður í Vatnsfjörð og þaðan í Gilsfjörð stytti leiðina sömuleiðis um 38 km. Að jafnaði er vegurinn um Eyrarfjall (Hestakleif) í Djúpi lokaður tæplega hálft árið vegna snjóa. Þá þarf að aka um Vatnsfjarðarnes sem lengir leiðina um 34 km. Þegar svo er ástatt er Vesturleið, þegar hún er fær, heilum 72 km styttri en leiðin um Djúp og Strandir (frá Þingeyri yfir 100 km styttri).

Gert er ráð fyrir að lokið verði við heilsársveg frá Hólmavík um Strandir eða um Tröllatunguheiði á árunum 2006 til 2010, en ekki er enn ákveðið hvor leiðin verður fyrir valinu. Því er alls óvíst hvort heilsársleiðin milli norðanverðra Vestfjarða og Reykjavíkur styttist nokkuð a.m.k næstu 12 árin.

Það eina sem virðist fastákveðið og breyta mun vegalengdum er brú yfir Mjóafjörð í Djúpi, sem áætlanir gera ráð fyrir að kosti um 650 m.kr. og ætlunin er að ljúka við árið 2006 og koma á í stað vegarins um Eyrarfjall. Brúin styttir að vísu vetrarleiðina um 25 km en lengir sumarleiðina um 4 til 8 km eftir því hvar aðliggjandi vegur verður lagður. Því liggur fyrir, að þeir sem munu leggja á sig að aka milli Reykjavíkur og Ísafjarðar að vetrinum næstu átta árin munu að óbreyttu þurfa að aka yfir 530 km á misjöfnum vegum.

Engin tenging milli norður- og suðursvæðanna fyrirsjáanleg í bráð

Nú þegar sveitarfélög og atvinnu- og þjónustusvæði fara stöðugt stækkandi er leitt til þess að vita, að engin tenging skuli fyrirsjáanleg milli norðan- og sunnanverðra fjarðanna a.m.k. næstu 12 árin. Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja, að forsenda slíkrar tengingar séu jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, sem jafnframt styttu leið um allt að 25 km



Ósvaldur Knudsen skorar eina af mörgum körfum KFÍ í leiknum gegn Borgnesingum sem fram fór í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag. Þær dugðu þó ekki til sigurs að þessu sinni.

það voru dálítið hastarleg viðbrigði fyrst að flytjast í svona lítinn bæ, en þetta er einhver fegursti staður sem ég hef augum litið. Á hverjum morgni þegar ég vakna byrja ég á því að horfa á fjöllin og sjóinn. Það er dásamlegt að anda að sér hreinu loftinu og sjávarlyktinni, þó að hér sé kaldara en ég á að venjast. Fólkið er ákaflega vingjarnlegt og á Ísafirði er allt sem þarf. It´s great!“

– Hvernig er með meistaraflokk KFÍ? Hefurðu nóg af góðum efniviði til að vinna með?

„Vissulega. Nýju leikmennirnir eru sterkir og ég er ekki í neinum vafa um að liðið er nógu vel skipað til þess að berjast á toppnum. Það er engin spurning. Liðið er mjög ungt og sumir leikmannanna hafa ekki mikla reynslu, en þeir eru mjög sterkir líkamlega og það verður mjög gaman að fylgjast með þeim leika. Ég vona að andlegur styrkur liðsins sé nægur til þess að við getum lagt reyndari lið að velli.“

Tony sér einnig um þjálfun yngri flokkanna og vonast eftir að sem allra flestir sem áhuga hafa á íþróttinni láti sjá sig á æfingum.

Eins og sönnum Englendingi sæmir fylgist Tony Garbelotto með ensku knattspyrnunni og uppáhaldsliðið hans er Tottenham Hotspur. Það stafar einfaldlega af því að það er félagið á hans heimaslóðum í Lundúnum.

– Ætlarðu að gera KFÍ að meisturum í vor?

„Ég vona það. Ég er ekki kominn til að tapa. Ég er ekki vanur því. Á ferli mínum hef ég unnið sigra á öllum stigum. Lið verður að vísu ekki mótað á einni nóttu, það krefst mikillar vinnu og áreynslu. Ég læt leikmennina gera sitthvað sem þeir eru ekki vanir. En efsta deildin verður sterkari í vetur en á síðustu leiktíð. Nokkrir íslenskir leikmenn sem hafa verið að spila erlendis eru komnir heim aftur og munu leika með íslenskum liðum og deildin verður afar sterk. Við verðum sterkari en í fyrra, en önnur lið verða það líka. Sterkustu liðin í deildinni, sem við munum væntanlega berjast við á toppnum, eru Njarðvík, Grindavík og Keflavík“, segir Tony Garbelotto.

Breiðafjarðarferjan Baldur.

lægju þau milli fjarðarbotnanna.

Að vísu á að verja 120 milljónum til jarðgangarannsókna á landinu öllu næstu 12 ár, en hætt er við að aðeins lítill hluti þess fjár renni til rannsókna á Vestfjörðum.

Því munu byggðir í þessum hlutum fjórðungsins verða að mestu einangraðar hverjar frá öðrum yfir veturinn a.m.k. næstu fimmtán árin, ef heldur fram sem horfir. Rætt hefur verið um ferjusiglingar milli svæðanna, en ekkert gert í þá veru, enda vart mikil framtíð í þeim nema fleira komi til.

Ekkert mat á fyrirliggjandi valkostum

Stór spurning er hvort kostir og gallar hinna ýmsu möguleika í landsamgöngum á Vestfjörðum hafi verið kannaðir sem skyldi. Hver yrði t.d. ávinningur byggðar á norðanverðum Vestfjörðum ef hingað mætti með góðu móti aka á innan við fimm klst. frá Reykjavík? Hvað ynnist með því að koma á öruggum heilsárssamgöngum milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða?

Af hverju er vegurinn um Djúp einungis mokaður þrisvar í viku þegar víðast annars staðar er mokað sjö daga í viku? Hver verður kostnaður við að moka bæði veginn um Djúp og milli Vatnsfjarðar og hringvegarins sjö daga í viku eins og hlýtur að verða í framtíðinni að óbreyttu?

Hvaða kosti hefði það í för með sér að draga úr þörf fyrir ferjusiglingar yfir Breiðafjörð og leggja meiri áherslu á það sem eftir er af veginum um Barðastrandarsýslur, en að flestra mati er sú ferja sem nú er notuð of lítil, of hæggeng og of dýr bæði fyrir farþega og ríkissjóð? Hvaða möguleikar eru á að fá það fjármagn sem Alþingi hefur samþykkt að renni til vegagerðar á svæðinu fyrr og ná þannig fram margháttaðri hagkvæmni? Þessum og fjölmörgum öðrum brýnum spurningum er enn ósvarað.

Vestfirðingum sama?

Dapurlegast af öllu er þó að svo er að sjá að íbúar fjórðungsins láti sig þessi mál ekki miklu skipta, a.m.k ekki á opinberum vettvangi. Getur verið að ástæðan sé sú að valkostirnir hafa hvorki verið kannaðir né kynntir sem skyldi?

„Hvaða kosti hefði það í för með sér að draga úr þörf fyrir ferjusiglingar yfir Breiðafjörð og leggja meiri áherslu á það sem eftir er af veginum um Barðastrandarsýslur, en að flestra mati er sú ferja sem nú er notuð of lítil, of hæggeng og of dýr bæði fyrir farþega og ríkissjóð?"

Brýnt er að sem fyrst verði ráðist í að skoða málin með hagsmuni alls kjördæmisins að leiðarljósi til lengri tíma litið. Þá má búast við öðrum niðurstöðum en nú stefnir í - niðurstöðum sem styðja munu betur við byggð og mannlíf á Vestfjörðum en þau áform sem nú liggja fyrir.

Meira síðar.

Jónas Guðmundsson, Bolungarvík.

Fréttamat fjölmiðla

Fjölmiðlar, dagblöð, vikublöð, héraðsfréttablöð, tímarit alls konar, útvarp og sjónvarp eru fastur og nauðsynlegur hluti tilverunnar. Hætt er við því að flestum brygði mjög við að missa þessa þætti úr tilveru sinni. Nægir þar að minnast verkfalls opinberra starfsmanna í október 1984. Sendingar útvarps og sjónvarps féllu niður, enda útvarpsstöðin aðeins ein og sama gilti um sjónvarp. Útgáfa dagblaða féll einnig niður vegna verkfalla.

Þá varð allflestum ljóst að ekki gæti liðist að hið opinbera færi eitt með útvarp og sjónvarp og jafnframt hversu óheppilegt, ef ekki hreinlega stórvarasamt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, það er að tiltölulega fámennir hópar geti stöðvað fjölmiðlun. Með þessu er hins vegar ekki varpað rýrð á þá ágætu stofnun Ríkisútvarpið eða starfsmenn hennar og annarra fjölmiðla.

Á Íslandi bættist við önnur sjónvarpsstöð 1986, Stöð 2 og síðar hafa fleiri bæst í hópinn. Dagblöðum hefur á hinn bóginn fækkað. Eftir standa Morgunblaðið, DV og Dagur, en Þjóðviljinn, Alþýðublaðið og Tíminn eru horfin. Flokkspólitísk málgögn hafa runnið skeið sitt á enda. Þó verður að telja all sérstætt að annar ritstjóra DV sitji jafnframt á alþingi, eins og áður hefur verið vikið að á þessum vettvangi. Sá skrifar leiðara í blaðið og einnig laugardagspistla. Í báðum tilvikum koma fram skoðanir hans og hvað sem sagt verður annað, má oft greina þar pólitískar skoðanir ritstjórans, sem hefur verið kjörinn á alþingi til að koma þeim á framfæri. Ef lesendur vilja þennan háttinn og eigendur blaðsins jafnframt, skiptir engu þótt fólk úti í bæ sé annarrar skoðunar. En mörgum finnst trúverðugleiki DV minni fyrir bragðið.

Fjölmiðlafólk

Stundum örlar á því að fjölmiðlafólk einblíni nokkuð hvert á annað. Tekin eru viðtöl við fréttamenn annarra fjölmiðla í útvarpi og sjónvarpi og einnig tíðkast að blöð og tímarit birti viðtöl, fréttir og myndir af öðrum fjölmiðlungum. Í sjálfu sér er þetta ekki slæmt en gefur nokkuð einhæfa mynd. Á hitt verður að horfa, að Ísland er fámennt land og fjölmiðlarnir margir. Fréttirnar eru stundum hvorki miklar né margar. Auk þess virðist það almenn skoðun þeirra sem starfa á fjölmiðlum að fátt sé fréttnæmt nema við sögu komi frægt fólk. Þegar tímarit og blöð birta myndir og frásagnir af fréttamönnum og fjölskyldum þeirra vegna þess að þeir hafa eignast börn staldra ýmsir við fréttamatið. Auðvitað er það fagnaðarefni að foreldrum fæðist heilbrigð börn.

Þeir sem starfa á fjölmiðlum eru líkir öðru fólki. Svo virðist sem almenningur hafi nokkurn áhuga á því að vita um einkahagi þess fólks, sem hann sér í sjónvarpi og heyrir í útvarpi. Kannski er þetta meðvitaður þáttur í því að færa notendur fjölmiðla nær þeim og fjölmiðlana nær notendum og skapa þannig samkennd. Svo kann að vera lesendur, hlustendur og horfendur velji sér fjölmiðla með svipuðum hætti og áhangendur fótboltaliða. Þar munu tilfinningarnar ráða miklu.

Í sjónvarpi skiptir útlit fólks sennilega jafn miklu og fréttamatið, í útvarpi röddin, en í blöðum er aðstaðan aðeins önnur. Þar skipta efnistökin og umfjöllunin mestu. Þrennt hefur dunið á þjóðinni að undanförnu, sem lýsir tökum fjölmiðla á viðfangsefni sínu hverju sinni.

Flutningur Keikos til landsins. Í þeirri miklu umfjöllun, sem snerist um tilfinningar öllu öðru fremur, var lítið fjallað um skynsemi þess að verja stórfé til þess að flytja háhyrning til landsins. Hvað þá heldur að könnuð væri líkleg framtíð Keikos vestur í Bandaríkjunum. Var það manngæskan ein sem réð því að háhyrningurinn var fluttur til Íslands? Af fréttaflutningi mátti hæglega draga þá ályktun að tilfinningar allra, fjölmiðlafólks jafnt og annarra hefðu ráðið för í umfjöllun og fréttaflutningi.

Clinton og vinstri menn

Það er að bera í bakkafullan lækinn að nefna forseta Bandaríkjanna, Bill Clinton. Niðurstaðan eftir að bandarískir skattgreiðendur hafa pungað út jafnvirði nærri 2,9 milljarða íslenskra króna er að Bill Clinton sagði ósatt um einkamál sín. Það er ekki til fyrirmyndar. En kemur heimsbyggðinni við hvernig forseti Bandaríkjanna hagar kynlífi sínu? Braut hann lög með því framferði sínu? Er eðlilegt að leggja siferðismælikvarða eins frekar en annars á það framferði? Og loks, er eitthvað sem réttlætir það að þjóðhöfðingjar verði að svara spurningum um kynlíf sitt með sama hætti og konur, sem orðið hafa fórnarlömb nauðgunar, gagnrýna sérstaklega. Þær hafa sagt að upplýingar þeirra um kynlíf fyrir nauðgunina skipti ekki máli um verknaðinn. Sjálfsagt eru ekki allir sammála. Framferði Clintons gagnvart stúlkunni í bláa kjólnum, sem ekki var þrifinn mánuðum saman og mun óþrifinn enn, er vissulega siðferðilega ámælisvert að dómi margra. En er það nóg til þess að réttlæta allan hamaganginn? Varla.

Íslenskir vinstri menn eru nú að sameinast með þeim hætti að til er orðinn nýr þingflokkur áður en sameiningin hefur orðið að veruleika. Þingflokkum hefur fjölgað um einn. Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður Alþýðubandalagsins á Vestfjörðum, hefur lýst þeirri skoðun að málefnasamningurinn, sem Magnús Jón Árnason fyrrum bæjarstjóri í Hafnarfirði sagði að hefði verið svo skemmtilegt að vinna, væri ónýtur. Kristinn hefur oft verið drjúgur að að komast að kjarna málsins.

Umfjöllun fjölmiðla hefur þó verið á vitrænni nótum um þetta mál en hin, en er þó ekki lokið.

-Stakkur.

Ávallt reiðubúinn, og hjálpsamur

– þó að vinnudagurinn geti verið ansi langur

Sófus Magnússon hefur ekið leigubíl á Ísafirði frá 1991, en hingað fluttist hann fyrir ellefu árum sem starfsmaður Vegagerðarinnar. Hann vinnur fullan vinnudag (og rúmlega það) sem bílstjóri hjá Ísafjarðarleið, en leiguaksturinn stundar hann utan hefðbundins vinnutíma. Reyndar byrjar hinn „hefðbundni“ vinnutími hjá honum venjulega um kl. 6 á morgnana. Hjá Ísafjarðarleið er hann ekki í ferðum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, nema í afleysingum, heldur ekur hann vörum um Ísafjarðarbæ og nálægar byggðir.

– Hvernig er að keyra leigubíl um helgar?

„Það getur oft verið bæði skrautlegt og skemmtilegt. Leiguaksturinn hjá mér byrjar venjulega strax eftir vinnu á föstudagskvöldi og stundum á fimmtudagskvöldi. Fyrir nokkrum árum var meira að gera í þessu en nú er. Þá var maður fyrir utan pöbbana á kvöldin og var að keyra heim af þeim og kannski á þá líka. En þetta hefur breyst mikið á undanförnum árum. Meira að segja föstudagarnir eru svo gott sem dottnir út. Oft er ekkert að gera fyrr en eftir dansleikina. Okkur virðist vera minna af fólki á pöbbunum bæði á föstudögum og laugardögum. Ég veit ekki ástæðuna. Á móti kemur að það er sífellt meira að gera á sumrin, eftir því sem ferðafólki fjölgar.“

– Er það rétt að þú vinnir bæði nótt og dag og sofir aldrei?

„Ég sef alltaf eitthvað og alltaf nóg. En leiguaksturinn krefst þess að maður sé tilbúinn allan sólarhringinn en nýti hverja stund sem gefst til hvíldar og svefns.“

– Nú eru í símaskránni gefnir upp heimasímar og farsímar bílstjóranna undir haus Fólksbílastöðvarinnar. Er mikið um að þið séuð ræstir um miðja nótt?

„Já, og ég vil að það sé gert. Með bílasímunum hefur þróunin orðið sú, að fólk hringir meira í þá en minna á stöðina. Og fyrst að við erum svona lítið á stöðinni, þá hljótum við að ætlast til þess að fólk hringi í okkur heim. Ég væri ekki í þessu ef ég ætlaðist ekki til þess að fólk hringdi í mig þegar það vantar akstur. En auðvitað getur staðið þannig á, að maður kemst ekki og þá reyni ég að vísa á einhvern annan eða finna einhverja lausn.“

– Er nóg af leigubílum á Ísafirði? Gegnum árin hefur stundum heyrst að það sé engin leið að ná í bíl þegar helst þarf á að halda?

„Að öllum jafnaði er alveg nóg af bílum og raunar allt of mikið. Aksturinn skilar ekki nógum tekjum einn og sér. En ef til vill mætti segja, að þeir sem eru í þessu mættu vera svolítið virkari. Það er með þetta eins og önnur störf – það þýðir ekkert að vera að taka það að sér nema að vera tilbúinn að vinna á álagstímum.“

Viðmælanda Sófusar er það minnisstætt, þegar hann ætlaði að leggja af stað suður milli fimm og sex að morgni og bíllinn var rafmagnslaus af því að láðst hafði að slökkva ljósin. Hann hringdi í lögregluna til að biðja um straum eða drátt, en hún má hvorugt gera. Hins vegar sagði lögreglumaðurinn að Sófus væri að keyra og hafði bílsímann hans á reiðum höndum. Sófus var kominn undrafljótt á staðinn með spotta, dró bílinn í gang og fylgdist með að hann dræpi ekki á sér meðan hann var að hitna. Hins vegar vildi hann ekki taka svo mikið sem krónu fyrir. Þetta fannst þeim sem drátt-inn fékk dálítið sérkennilegt, þar sem hann og Sófus geta varla talist meira en rétt málkunnugir. „Ég hef haft það fyrir sið, bæði varðandi gamla fólkið og svo þá sem eru í einhverjum vandræðum, að vera ekki að taka mikið fyrir einhverja hjálpsemi, eins og að draga í gang. Það er eitthvert ákveðið gjald fyrir að draga í gang eða gefa start, en ég hef ekki haft þann sið vera að rukka það sérstaklega, hvað þá ef það er alveg í leiðinni hjá mér. Eins og aðrir lendi ég sjálfur oft í einhverjum vanda og þarf á aðstoð að halda, og þá er þetta bara greiði gegn greiða.“

– Ef þú værir beðinn fyrirvaralaust að aka t.d. austur á Eskifjörð – myndirðu fara?

„Eins og skot. Ég mundi ekki hika. Þegar kallið kemur, þá þýðir ekkert að vera að vandræðast og hugsa

Gamla barnaskólahúsið

Eldur í ruslafötu

Eldur kom upp í bréfakörfu inni á klósetti í gamla barnaskólahúsinu við Aðalstræti á Ísafirði fyrir síðustu helgi, og var ljóst að einhver hafði kveikt þar í bréfsnifsi. Svo virðist sem um einhvers konar óvitaskap hafi verið að ræða. Reykskynjari fór þegar í gang og var eldurinn slökktur á augabragði og tjón varð ekkert. „Í sjálfu sér var engin hætta á ferðum, en atvikið sem slíkt er alvarlegt og við höfum brugðist við því með ákveðnum hætti“, sagði Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri. „Við höfum eldvarnaáætlanir sem við förum rækilega yfir, svo og hlutverk hvers og eins ef eldur kemur upp. Í þessu tilviki virkaði allt eðlilega og rétt var brugðist við.“

Í gamla barnaskólahúsinu eru 1. og 2. bekkur til húsa. Reykskynjarar eru þar í öllum vistarverum.

Vímuvarnaskólinn

Með nám á Ísafirði

Á morgun verður öllum nemendum grunnskóla í Bolungarvík, Súðavík og á Ísafirði gefið frí vegna náms kennara og annars starfsfólks skólanna í Vímuvarnaskólanum en hann er samstarfsverkefni forvarnadeildar SÁÁ, Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum og Rauðakrossins.

Ráðgert er að Vímuvarnaskólinn hefji starfsemi strax um morguninn og að honum ljúki síðdegis. Skólanámið verður í formi fyrirlestra og verða stjórnendur þeir Einar Gylfi Jónsson, yfirmaður forvarnadeildar SÁÁ og Árni Einarsson frá Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Koma Vímuvarnaskólans til Ísafjarðar er liður í samstarfsverkefni VÁ Vest og forvarnadeildar SÁÁ.

Starfsmenn Póls hf. ásamt mökum á árshátíð fyrirtækisins sem haldin var í veitingahúsinu Krúsinni á laugardagskvöld.

Fagnaður hjá Póls hf.

Tuttugu ár frá fyrstu voginni

Póls hf. á Ísafirði fagnaði því á föstudag að tuttugu ár eru liðin frá því fyrsta rafeindavog fyrirtækisins kom á markað, en Póls er fyrsta fyrirtækið í sínum geira á Íslandi og hefur verið brautryðjandi í hönnun og smíði skipavoga og skyldra tækja í hérlendis sem erlendis.

Tímamótanna var minnst með afmælisteiti sem haldið var í húsakynnum fyrirtækisins á Ísafirði og var þar m.a. fyrsta vogin til sýnis auk fjölmargra nýjunga sem komið hafa frá fyrirtækinu undanfarna tvo áratugi.



Ingólfur Eggertsson, fyrir miðju, með tvo syni sína sinn við hvora hlið, þá Hálfdán (t.h.) og Örn (t.v.) en allir starfa þeir hjá fyrirtækinu.

Fjölmenni fagnaði tímamótunum með eigendum og starfsmönnum og færði þeim árnaðaróskir. Á laugardagskvöld var síðan haldin árshátíð fyrirtækisins þar sem var glatt á hjalla enda ærin ástæða til. Ljósmyndari BB leit inn á árshátíðina og tók þar meðfylgjandi myndir.

jákvæður

Sófus Magnússon leigubílstjóri á Ísafirði er einn þeirra manna sem vinna nánast allan sólarhringinn, nánast allt árið um kring.

sig um.“

– Einhvern veginn minnir þú mig á skáta...

„Já, ég var skáti og hafði bæði gaman og gott af því. Skátinn er alltaf í mér.“

– Þegar þú ert vakinn í snarvitlausu veðri að vetri til og einhvern vantar bíl – snýrðu þér þá aldrei á hina hliðina og dregur sængina upp fyrir haus?

„Það er ægilega freistandi. Nei, ég geri það nú yfirleitt ekki. Annars tekur billinn minn á sig mikinn vind og þegar líka er hált er hann eins og minkur á veginum. Aðstæður geta verið þannig að það sé ekkert vit fyrir mig að fara. Þrátt fyrir þennan ókost eru þessir Mitsubishi L-300 bílar mjög góðir. Ég er búinn að eiga nokkra bíla og þetta er sá sem mér finnst geta svarað flestum kröfum, bæði vetur og sumar.“

– Lendið það oft í átökum við kúnnnana, svo sem eftir böll?

„Sem betur fer kemur það nú ekki oft fyrir, en það er til.“

– Hvernig eruð þið undir það búnir? Hefur þú lært eitthvað í sjálfsvörn? „Nei, ekki neitt. Það eina sem ég nýti mér í slíkum tilvikum er að reyna að setja mig inn í hugarheim þess sem í hlut á og tala hann til. Sjálfur var ég nú oft úti að skemmta mér og stundum í misjöfnu ástandi og ég reyni að minnast þess hvernig ég hagaði mér og hugsaði sjálfur.“

– Nú er klukkan langt gengin í sex að morgni og þú ert að fara til vinnu á Ísafjarðarleið. Byrjarðu alltaf þar á þessum tíma?

„Já, yfirleitt um eða upp úr sex, nema á mánudagsmorgnum klukkan átta og á laugardagsmorgnum klukkan hálfátta.“

– Og vinnudagurinn ekki búinn fyrr en um kvöldmat...

„Það getur verið á bilinu frá sex til átta á kvöldin yfir sumartímann. En á veturna koma bílarnir að sunnan á misjöfnum tímum og þá getur þetta raskast.“

– Þú átt væntanlega ekki mikið af frístundum.

„Nei. Það sem ég stefni á er að eiga það náðuga daga í ellinni, ef ég næ henni, að ég geti leikið mér á einhverju bátshorni á grásleppu, eins og þegar ég var að alast upp heima á Drangsnesi.“

– Þú ert mjög jákvæður maður...

„Ég ólst upp við það. Einhvern tíma þurfti pabbi að baslast nokkuð lengi með okkur bræðurna tvo, óþekktarormana, þegar mamma var veik. Hann brýndi það fyrir okkur, hversu mikilvægt það væri að vakna í góðu skapi á morgnana, muna eftir góða skapinu allan daginn, þó að sitthvað gæti komið upp á, vera jákvæður og brosmildur og tilbúinn að hjálpa öðrum, og sofna svo í góðu skapi á kvöldin. Ef við gætum þetta, þá myndi okkur farnast vel í lífinu. Ég hef alltaf reynt þetta og fengið það margfalt til baka.“

Á þriðja tug pilta og stúlkna fengu viðurkenningar í lokahófi Boltafélags Ísafjarðar sem fram fór á laugardag.

Lokahóf Boltafélags Ísafjarðar fór fram á laugardag

Pálína og Þórður Rafn fótboltafólk ársins 1998

Fótboltakona og fótboltamaður ársins 1998 hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Pálína Jóhannsdóttir og Þórður Rafn Bjarnason.

Pálína Jóhannsdóttir og Þórður Rafn Bjarnason voru kjörin fótboltafólk ársins 1998 hjá Boltafélagi Ísafjarðar. Útnefning þeirra fór fram í fjölmennu lokahófi félagsins í sal Grunnskólans á Ísafirði á laugardag. Auk þeirra fengu fjölmargir yngri fótboltamenn og konur viðurkenningar m.a. fyrir framfarir, ástundun og prúðmennsku.

Í 2. flokki pilta fékk Karvel Pálmason viðurkenningu fyrir framfarir, Atli Kristinsson fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Tómas R. Reynisson fyrir prúðmennsku. Í sama flokki stúlkna fékk Rakel Helena Kristjánsdóttir viðurkenningu fyrir framfarir, Anna Soffía Sigurlaugsdóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Arna Vigdís Jónsdóttir fyrir prúðmennsku.

Óskar Örn Hálfdánarson fékk viðurkenningu fyrir framfarir í 4. flokki, Gautur Ingimarsson fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Hákon Oddur Guðbjartsson fyrir prúðmennsku. Birna Pálsdóttir fékk viðurkenningu fyrir framfarir í sama flokki stúlkna, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrir ástundun og Sandra Gunnarsdóttir fyrir prúðmennsku. Í 5. flokki pilta fékk Matthías Vilhjálmsson viðurkenningu fyrir framfarir, Birkir H. Sverrisson fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Gunnlaugur Jónasson fyrir prúðmennsku. Áslaug Barðadóttir fékk viðurkenningu fyrir framfarir í sama aldursflokki stúlkna, Anna María Guðjónsdóttir fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Helga Guðrún Magnúsdóttir fyrir prúðmennsku.

Í 6. flokki pilta fékk Sveinbjörn Pétursson viðurkenningu fyrir framfarir, Sigurður Grétarsson fyrir ástundun og Eggert Hermannsson fyrir prúðmennsku. Í 7. flokki fékk síðan Hákon Guðjónsson viðurkenningu fyrir framfarir, Ásgeir Gíslason fyrir ástundun og Hafþór Agnarsson fyrir prúðmennsku.

SPORTIÐ Í BEINNI!

SJÓNVARPIÐ

Miðvikudagur 23. september kl. 20:30
Bein útsending frá leik Íslendinga og Finna í handbolta sem fram fer í Smáranum í Kópavogi.
Sunnudagur 27. september kl. 15:30
Bein útsending frá leik KR og ÍBV
Sunnudagur 27. september kl. 16:00
Ítalski boltinn

SÝN

Fimmtudagur 24. september kl. 18:55
Manchester United - Liverpool
Laugardagur 26. september kl. 13:55
Bein útsending frá 18. umferð Landssímadeildarinnar
Laugardagur 26. september kl. 01:00
Hnefaleikar: Lennox Lewis - Zeljko Mavrovic
Sunnudagur 27. september kl. 14:50
Leicester - Wimbledon
Sunnudagur 27. september kl. 18:25
Parma - Juventus

Sölufólk á Vestfjörðum

*Vegna mikillar eftirspurnar leitum við nú að dugmiklu sölufólki á Vestfjörðum til þess að selja hinar geysivinsælu sænsku umhverfisvænu hreinlætisvörur **KBM**, sem hafa fengið fádæma góðar viðtökur hér á landi.*

Vinnutími er sveigjanlegur. Mjög góðir tekjumöguleikar fyrir áhugasamt fólk. Reynsla af sölustörfum ekki áskilin. Hringdu í okkur og við veitum þér nánari upplýsingar í símum 897 5024 milli kl. 14:00 og 17:00 og 564 2770 eftir kl. 18:00.

Fagraholt 5

Til sölu er fimm herb., 140m² einbýlishús ásamt 40m² bílskúr. Húsið er í mjög góðu ástandi. Nýtt parket á herbergjum og flísar á stofu og gangi. Verð 11.500.000.- krónur.

Upplýsingar veita Kristín og Pétur í síma 456 3847.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

23. SEPTEMBER - 29. SEPTEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 23. SEPTEMBER 1998

13.15 Skjáleikurinn
16.15 Minnisstæðir leikir
Svipmyndir úr landsleik Íslendinga og Hollendinga í knattspyrnu árið 1993.
17.00 Þrettándi riddarinn (3:6)
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Svínahirðirinn
18.30 Nýjasta tækni og vísindi
18.55 Verstöðin Ísland (3:4)
Þriðji hluti - Baráttan um fiskinn
Í þessum hluta er fjallað um baráttu Íslendinga fyrir tilverugrundvelli sínum og spannar hann tímabilið frá 1950 til ársins 1989. Greint er frá úthafsveiðum, útfærslu landhelginnar með tilheyrandi átökum við aðrar fiskveiðiþjóðir og skuttogaravæðingu. Þá er sagt frá tilurð kvótakerfis, tilkomu stóru loðnuskipanna og vaxandi vinnslu um borð í frystiskipum.
20.00 Fréttir og veður
20.30 Landsleikur í handknattleik
Bein útsending frá leik Íslendinga og Finna í undankeppni HM í Smáranum í Kópavogi.
21.55 Víkingalottó
22.00 Sigla himinfley (3:4)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 24. SEPTEMBER 1998

13.25 Skjáleikurinn
16.25 Minnisstæðir leikir
Svipmyndir úr landsleik Íslendinga og Spánverja í knattspyrnu árið 1991.
17.00 Þrettándi riddarinn (4:6)
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Leynilögreglumeistarinn Karl Blómkvist (1:2)
Leikrit eftir Astrid Lindgren um Karl og vini hans og viðureign þeirra við glæpamenn.
18.30 Áfrekskonur í íþróttum
18.45 Verstöðin Ísland (4:4)
Fjórði hluti - Ár í útgerð
Hér er lýst einu ári í útgerð í nútímanum og megináhersla lögð á samspil útgerðar og fiskveiða eins og því var háttað undir lok 9. áratugarins. Tvö skip, vertíðarbátur og togari af millistærð, eru í aðalhlutverkum ásamt útgerðarmönnum þeirra og skipverjum.
20.00 Fréttir og veður
20.35 Út vil ek! (1:3)
Fyrsti þáttur af þremur um það hvernig Íslendingar og Norðmenn nýta lönd sín til virkjana og ferðaþjónustu, en Norðmenn hafa meira en hundrað ára reynslu í þessum efnum.
21.10 Sigla himinfley (4:4)
22.10 Hallbjörg
Hallbjörg Bjarnadóttir söngkona átti sér litríkan feril. Í þessum þætti er stiklað á stóru í lífi hennar og rætt við hana, auk þess sem hún skemmtir áhorfendum með söng.
23.10 Ellefufréttir
23.25 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 25. SEPTEMBER 1998

12.40 Skjáleikurinn
15.40 Minnisstæðir leikir
Landsleikur Íslendinga og Pólverja í handknattleik árið 1989.
17.00 Þrettándi riddarinn (5:6)
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Leynilögreglumeistarinn Karl Blómkvist (2:2)
18.30 Afrekskonur í íþróttum
19.00 Á Dröngum
Drangar eru jörð langt norðan við fasta byggð á Ströndum. Kristinn á Dröngum og hans fólk býr þar enn á sumrin í nánum tengslum við náttúruna og nýtir bæði sel og reka. Í myndinni fjallar Páll Benediktsson um mannlíf á Dröngum og ræðir við heimilisfólkið.
20.00 Fréttir og veður
20.35 Hin helgu vé
Kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar frá árinu 1993. Gestur, sjö ára borgarbarn, er sendur í sveit út í afskekkta eyju við strönd Íslands. Hann verður ástfanginn af tvítugri konu og afbrýðisemin nær slíkum heljartökum á honum að hann ákveður að ryðja unnusta konunnar úr vegi. Myndin hefur farið víða um lönd og hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna.
22.05 Stuttmyndadagar í Reykjavík
Sýndar verða verðlaunamyndirnar frá Stuttmyndadögum og rætt við aðstandendur þeirra.
23.00 Veggfóður - erótísk ástarsaga
Íslensk bíómynd frá 1992 um tvo unga menn sem reka skemmtistað í Reykjavík. Ung sveitastúlka kemur til borgarinnar og félagarnir veðja um það hvor þeirra verði fyrri til að fá hana með sér í bólið. En þá kemur ástin til skjalanna.
00.25 Útvarpsfréttir
00.35 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 26. SEPTEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Þingsjá
10.55 Formúla 1
12.10 Skjáleikurinn
15.15 Auglýsingatími
15.30 Íslandsmótið í knattspyrnu
Bein útsending frá leik í síðustu umferð milli KR og ÍBV.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Galdrakarlinn í Oz (1:2)
18.35 Þrettándi riddarinn (6:6)
19.00 Íslensk verðlaunamyndbönd
20.00 Fréttir og veður
20.35 Lottó
20.40 Íslensk fyndni
21.20 Djöflaeyjan
Íslensk kvikmynd gerð eftir sögum Einars Kárasonar um lífið í Thulekampi.
23.05 79 af stöðinni
Kvikmynd frá 1962 gerð eftir samnefndri sögu Indriða G. Þorsteinssonar.
00.35 Útvarpsfréttir
00.45 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 27. SEPTEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 Hlé
11.40 Formúla 1
14.00 Kappreiðar Fáks
Bein útsending frá kappreiðum Fáks á Víðivöllum í Víðidal í Reykjavík.
16.00 Skjáleikurinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Galdrakarlinn í Oz (2:2)
18.40 Egill Skallagrímsson (2:2)
19.00 "10"
Heimildarmynd frá 1990 um Ásgeir Sigurvinsson sem gerðist atvinnumaður í knattspyrnu aðeins 17 ára. Ferill Ásgeirs er rifjaður upp og brugðið upp svipmyndum úr leikjum.
20.00 Fréttir og veður
20.35 Vetrardagskráin
Kynning á íslenskum þáttum í vetrardagskrá Sjónvarpsins.
21.00 Grandavegur 7
Upptaka af sýningu Þjóðleikhússins á verki Vigdísar Grímsdóttur í leikgerð Kjartans Ragnarssonar og Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur.
23.25 Helgarsportið
23.45 Tjarnarkvartettinn
00.35 Útvarpsfréttir
00.45 Skjáleikurinn

MÁNUDAGUR 28. SEPTEMBER 1998

13.25 Skjáleikurinn
16.25 Helgarsportið
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eunbi og Khabi (12:26)
18.30 Veröld dverganna (16:26)
19.00 Emma í Mánalundi (21:26)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Ástir og undirföt (21:22)
21.05 Víf og vín (2:6)
22.00 Hitler og Stalín
23.00 Ellefufréttir
23.15 Dansspor
Þáttur um gerð bíómyndarinnar Dansinn eftir Ágúst Guðmundsson.
23.35 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER 1998

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Bambusbirnirnir (52:52)
18.30 Gæsahúð (5:26)
19.00 Emma í Mánalundi (22:26)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Bankastjórinn (6:6)
21.05 Við erum ekki ein (2:2)
22.00 Sérsveitin (2:8)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Utanríkisráðherra í Afríku
23.30 Skjáleikurinn

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 23.SEPTEMBER.1998

13.00 Spæjarar (e)
14.30 NBA molar
15.00 Perlur Austurlands (4:7) (e)
Fjórði þáttur myndaflokksins um náttúruperlur Austurlands. Nú liggur leiðin að Dyrfjöllum á mörkum Borgarfjarðar eystra og Fljótsdalshéraðs en Dyrfjöll þykja með fegurri fjöllum landsins.
15.30 Dýraríkið (e)
16.00 Ómar
16.25 Bangsímon
16.50 Súper Marió bræður
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Prúðuleikararnir (18:22)
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (2:26)
20.50 Ellen (9:25)
21.15 Ally McBeal (5:22)
22.00 Tildurrófur (4:6)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.40 Spæjarar (e)
01.05 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 24.SEPTEMBER.1998

13.00 Svalar ferðir (e)
(Cool Runnings)
14.40 Oprah Winfrey (e)
15.25 Daewoo-Mótorsport (e)
15.55 Eruð þið myrkfælin? (2:13)
16.20 Bangsímon
16.40 Með afa
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (4:32)
21.00 Hér er ég (5:6)
21.30 Þögult vitni (5:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (21:22)
23.35 Dauður við komu (e)
(D.O.A.)
Dexter Cornell kemur inn á lögreglustöð og segist vilja tilkynna morð. Þegar spurt er hver hafi verið myrtur bendir hann á sjálfan sig. Honum hefur verið byrlað banvænt eitur. Dexter hefur aðeins nokkrar klukkustundir til að komast að því hver eitraði fyrir honum.
01.10 Lausir endar (e)
(Missing Pieces)
Wendel dreymir um að skrifa skáldsögur en hefur atvinnu af ómerkilegri textagerð. Vinur hans, Lou, er atvinnulaus hljóðfæraleikari. Þegar þessir misheppnuðu listamenn ákveða að búa undir sama þaki lenda þeir í ófyrirsjáanlegum ævintýrum.
02.40 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 25.SEPTEMBER.1998

13.00 New York löggur (21:22) (e)
13.50 Stéttaskipting (1:4) (e)
14.45 Útlendingaherdeildin (2:2) (e)
15.35 Punktur.is (7:10) (e)
16.00 Töfravagninn
16.25 Bangsímon
16.45 Skot og mark
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan, ég minnkaði börnin
20.55 Skuggi
(The Phantom)
Teiknimyndahetjan Skuggi vaknar til lífsins í þessari ævintýralegu spennumynd. Forfeður hans hafa alla tíð barist gegn hinu illa og þá ekki síst gegn tilteknu bræðralagi sem stefnir að heimsyfirráðum. Nú ferðast Skuggi úr frumskóginum til New York þar sem hann etur kappi við spilltan miljónamæring sem hyggst eignast hauskúpurnar þrjár sem myndu gera hann að valdamesta manni heims.
22.50 Sjanghaí-gengið
(Shanghai Triad)
Sagan hefst í Sjanghaí árið 1930. Maður að nafni Tang hefur tögl og hagldir í glæpaheimi borgarinnar. Hann ræður ópíumsölunni og stýrir vændinu. Fegursta söngkona borgarinnar, Xiao, starfar í skjóli Tangs en í staðinn veitir hún honum blíðu sína. Nú eru hins vegar blikur á lofti. Hægri hönd Tangs hyggst hrifsa til sín völdin og fær Xiao á sitt band. Framundan eru blóðugir tímar þar sem enginn er óhultur og kannski síst vændiskona sem enginn hefur not fyrir lengur.
00.45 Óaldarflokkurinn (e)
(The Wild Bunch)
03.10 Hver var Geli Bendl? (e)
(Who Was Geli Bendl?)
04.40 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 26.SEPTEMBER.1998

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Mollý
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Beint í mark
12.30 Sjónvarpsmarkaður
12.45 Hver lífsins þraut (2:8) (e)
13.25 Debrah Winger og pandabirnirnir (e)
14.20 Kanínuheiði (e)
16.00 Enski boltinn
17.45 Oprah Winfrey
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (8:24)
20.35 Bræðrabönd (21:22)
21.05 Viktor, Viktoría
(Victor/Victoria)
Gamanmynd um söngkonuna Viktoríu sem starfar í næturklúbbum Parísar á fjórða áratugnum. Henni hefur vegnað illa upp á síðkastið en slær í gegn þegar hún treður upp sem karlmaður í konugervi. Viktor/Viktoría er strax á allra vörum en málin vandast þegar næturklúbbaeigandi frá Chicago verður ástfanginn af þessari Viktoríu en er sagt að hún sé í raun karlmaður.
23.20 Með bros á vör
(Die Laughing (BL Striker))
Einkaspæjarinn B.L. Stryker er ráðinn lífvörður grínistans Tobys Beaumonts um stundarsakir. Grunur vaknar um að setið sé um líf Tobys eftir að gömlum vini hans og ungri stúlku er ráðinn bani í sprengjutilræði. Ætlun Tobys var að láta gamlan draum um að leika Macbeth rætast en einhver vill kosta öllu til að svo megi aldrei verða.
00.55 Skjólstæðingurinn (e)
(The Client)
02.55 Réttdræpur (e)
(Shoot to kill)
04.45 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 27.SEPTEMBER.1998

09.00 Í erilborg
09.25 Brúmmi
09.30 Tímon, Púmba og félagar
09.50 Andrés Önd og gengið
10.15 Urmull
10.40 Nancy
11.05 Húsið á sléttunni (19:22)
11.55 Berfætti framkvæmdastjórinn
13.25 Perlur Austurlands (5:7) (e)
13.55 Ítalski boltinn
15.50 Lois og Clark (17:22) (e)
16.40 Koppafeiti (e)
(Grease)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (7:25)
20.30 Rýnirinn (18:23)
21.00 Enski sjúklingurinn
(The English Patient)
23.40 60 mínútur
00.30 Sögur að handan: Djöflabaninn
02.00 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 28.SEPTEMBER.1998

13.00 Skopskyn (e)
(Funny Bones)
15.10 Á báðum áttum (13:17) (e)
16.00 Könguláormaðurinn
16.20 Bangsímon
16.45 Lukku-Láki (2:26) (e)
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Ensku mörkin
19.00 19>20
20.05 Að hætti Sigga Hall (9:12)
20.40 Hamskipti
(Vice Versa)
Marshall Seymour er fráskilinn vinnualki sem má lítið vera að því að hugsa um 11 ára son sinn. En feðgarnir verða skyndilega mjög nánir þegar þeir verða fyrir dularfullum álögum og skipta um líkama!
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin (e)
23.15 Skopskyn (e)
(Funny Bones)
Myndin fjallar um Tommy Fawkes sem langar óskaplega mikið til að slá í gegn sem grínisti. Hann lifir alltaf í skugga föður síns, George Fawkes, og þegar strákurinn reynir að vera fyndinn á sviði í Las Vegas er hann hrópaður niður. Tommy karlinn veit ekki hvað hann á til bragðs að taka en ákveður loks að leita innblásturs í Blackpool á Englandi.
01.20 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 29.SEPTEMBER.1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (2:26)
13.45 Elskan, ég minnkaði börnin
14.35 Handlaginn heimilisfaðir
15.05 Rýnirinn (8:23) (e)
15.30 Að hætti Sigga Hall (5:12) (e)
16.00 Spegill, spegill
16.25 Bangsímon
16.45 Kolli káti
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
18.30 Simpson-fjölskyldan
19.00 19>20
20.05 Stéttaskipting (2:4)
21.00 Hver lífsins þraut (3:8)
21.40 Handlaginn heimilisfaðir
22.05 Daewoo-Mótorsport
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Óttalaus (e)
00.50 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 23. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Gillette sportpakkinn
18.00 Daewoo Mótorsport (19:22)
18.30 Taumlaus tónlist
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Golfmót í Bandaríkjunum
(PGA US 1998)
20.00 Mannaveiðar (11:26)
21.00 Hnefaleikar - Evander Holyfield (e)
Útsending frá hnefaleikakeppni í Atlanta í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru Evander Holyfield, heimsmeistari WBA- og IBF-sambandanna í þungavigt, og Vaughn Bean.
23.00 Geimfarar (12:21)
23.45 Myrkur hugur (e)
(Dark Desires I)
Erótísk spennumynd. Stranglega bönnuð börnum.
01.10 Í ljósaskiptunum (e)
01.35 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 24. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar (e)
Kjarkmiklir íþróttakappar sem bregða sér á skíðabretti, sjóskíði, sjó-bretti og margt fleira.
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Kaupahéðnar (4:26)
21.00 Hefnd busanna
(Revenge of the Nerds)
Sprenghlægileg gamanmynd um nokkra nemendur í framhaldsskóla sem eru orðnir leiðir á því að láta traðka á sér og ákveða að grípa í taumana.
22.30 Hefnd busanna 2
(Revenge Of The Nerds II)
Ærslafull gamanmynd um hóp af hallærislegum kúristum sem taka höndum saman í keppni við fallega fólkið í skólanum.
00.00 Óráðnar gátur (e)
00.50 Í ljósaskiptunum (e)
01.15 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 25. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (10:22)
20.30 Beint í mark
Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum. Spáð er í leiki helgarinnar og tippari vikunnar kemur í heimsókn.
21.00 Riddarar
(Knights)
Ævintýraleg spennumynd sem gerist í framtíðinni. Verur af vélrænum toga eru alls ráðandi í þjóðfélaginu en mannkynið á í vök að verjast. Þeir fyrrnefndu nota mannskepnuna sem eldsneyti og verði ekkert að gert mun maðurinn deyja út.
22.30 Banvænn leikur
(Blood Run)
Billy Palacio er myrt á hrottalegan hátt, stungin og brennd. Grunur fellur strax á kærasta hennar sem er velþekktur misindismaður. Lögreglan sér þó fljótt að einhver annar ber ábyrgðina á ódæðinu. Lesbían Tanya sá Billy síðast á lífi og lögreglan beinir rannsókn sinni að henni. Í ljós kemur að Tanya tengist ýmsum óleystum morðmálum en lesbían gerir hvað hún getur til að breiða yfir fortíð sína.
00.05 Í ljósaskiptunum (e)
00.30 Spítalalíf
(Mash)
Fjögurra stjörnu mynd um kunnuglegar persónur. Hjúkrunarfólkið í Kóreustríðinu hafði í nógu að snúast en gaf sér þó tíma til að sjá spaugilegu hliðarnar á tilverunni.
02.25 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 26. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
13.55 Íslenski boltinn
Bein útsending frá 18. og síðustu umferð Landssímadeildarinnar.
16.05 Derby-veðreiðarnar (e)
(Getting the Trip)
Heimildaþáttur um helsta veðreiðamót Írlands. Fylgst er með undirbúningi mótsins, tamningamönnum og hestum. Rakinn ferill hestanna og skipulagi á veðbönkum.
17.00 Golfþrautir
(European Golf Skills Challenge)
Óvenjulegt golfmót sem haldið er á hinum fornfræga Wentworth golfvelli.
18.00 Star Trek (2:26)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
Spennumyndaflokkur með David Carradine í aðalhlutverki.
20.00 Herkúles (18:24)
21.00 Laumuspil
(The Heart Of Justice)
Hugdjarfur blaðamaður rannsakar óvæntan dauðdaga vinsæls en umdeilds rithöfundar. Vel stæður karlmaður skaut rithöfundinn til bana og svipti sig lífi í kjölfarið. Blaðamanninum þykir málið allt hið undarlegasta og tekur að raða saman brotunum til að fá sannleikann í ljós. Blaðamaðurinn trúir ekki að morðið hafi verið tilviljun og hefur rannsókn sem kemur illa við suma.
22.30 Djöflagangur
(The Haunted)
Dramatísk og spennandi mynd sem er byggð á sönnum atburðum. Hjónin Janet og Jack Smurl hafa aldrei trúað á drauga og vita því ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar reimleika verður vart á heimili þeirra.
00.00 Í og úr
(Women In and Out Of Uniform)
Ljósblá kvikmynd.
01.00 Hnefaleikar - Lennox Lewis
Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Connecticut í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru Lennox Lewis, heimsmeistari WBC-sambandsins í þungavigt, og Zeljko Mavrovic.
03.35 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 27. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
14.50 Enski boltinn
Bein útsending frá leik Leicester City og Wimbledon í ensku úrvalsdeildinni.
16.50 Ameríski fótboltinn
17.50 19. holan (19:29)
Öðruvísi þáttur þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum hinnar göfugu golfíþróttar.
18.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik Parma og Juventus í ítölsku 1. deildinni.
20.15 Ítölsku mörkin
20.35 Golfmót í Bandaríkjunum
(PGA US 1998)
21.30 Á suðupunkti
(Boiling Point)
Spennumynd um alríkislögreglumanninn Jimmy Mercer sem á uppgerðar sakir við vafasama náunga. Jimmy og félagi hans, Russo, ætluðu að koma höggi á glæpamenn með leynilegum aðgerðum, sem fóru illilega út um þúfur. Russo lét lífið í skotbardaga en ódæðismennirnir og foringi þeirra komust undan. Jimmy ætlar nú að svara í sömu mynt og linnir ekki látunum fyrr en réttlætinu hefur verið fullnægt.
23.00 Evrópska smekkleysan (2:6)
23.25 Á indíánaslóðum
(Comancheros)
01.10 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 28. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Knattspyrna í Asíu
18.25 Taumlaus tónlist
18.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.55 Enski boltinn
Bein útsending frá leik West Ham United og Southampton í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Trufluð tilvera
(South Park)
21.20 Á gelgjuskeiði
(Mischief)
Gamanmynd um ungt fólk og áhugamál þeirra sem oftar en ekki snýst um hitt kynið. Við kynnumst félögunum Jonathan og Gene. Jonathan er lítt reyndur í samskiptum við hitt kynið en Gene, sem er úr stórborginni, lumar á góðum ráðum í þeim efnum. Ráðleggingarnar hitta þó ekki alltaf í mark eins og Jonathan kemst að raun um.
22.55 Stöðin (1:24)
23.20 Ráðgátur
00.05 Fótbolti um víða veröld
00.30 Í ljósaskiptunum (e)
00.55 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Dýrlingurinn
18.15 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Taumlaus tónlist
19.30 Ofurhugar
20.00 Brellumeistarinn (11:22)
21.00 Ofurstúlkan
(Supergirl)
Bresk kvikmynd. Allir þekkja Ofurmennið og ævintýri hans. En kvenþjóðin á líka sína ofurstúlku og hún er jafningi Clarks Kent. Linda Lee, sem er frá Argo rétt við plánetuna Krypton, er líka frænka Ofurmennisins. Linda á brýnt erindi við jarðarbúa en ekki eru allir jafnhrifnir af komu hennar.
22.45 Enski boltinn
Sýnd verða mörk úr ensku bikarkeppninni (FA Cup).
23.50 Ráðgátur
00.35 Í ljósaskiptunum (e)
01.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu er 4ra herb. efri hæð að Vitastíg 11 í Bolungarvík. Húsið er nýklætt og á góðum stað. Upplýsingar í síma 456 7251.

Til sölu er **húseignin** að Hjallavegi 7 á Suðureyri. Fæst á góðum kjörum. Upplýsingar í símum 554 6233 og 898 2761.

Óska eftir **tölvuborði**, helst gefins eða ódýrt. Upplýsingar í síma 456 7003.

Til sölu er **LEO tölva**, 133 megarið, 32 mb RAM, 16 bita hljóðkort, 500 mb harður diskur, 33.6 módem, 4 hraða geisladrif ásamt miklu af hugbúnaði og leikjum. Sem ónotuð vél og á góðu verði, eða aðeins 38 þúsund kr. Upplýsingar gefur Brynjólfur Guðjón í síma 456 4015.

Til sölu eru 65 amp., 24 v. **alternatorar** í báta. Upplýsingar í síma 456 7305.

Til sölu er 16 bassa Parrot 48 takka **harmonikka**. Selst á kr. 15 þúsund. Upplýsingar í síma 456 3421.

Til sölu er vel með farið **sófasett** ásamt sófaborði. Uppl. í síma 456 3884.

Til sölu er King Size **vatnsrúm** með hitara. Dýna getur fylgt. Verð kr. 10 þúsund. Uppl. í síma 456 3421.

Til sölu eru fjögur lítið slitin BFGoodrich 32" **jeppadekk** á Prime álfelgum. Upplýsingar í síma 456 7004 eftir kl. 20 og 854 9704.

Óska eftir að kaupa góða **haglabyssu**. Upplýsingar í síma 456 4846 á kvöldin.

Tapast hefur svört lyklabudda. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Halldór Sveinbjörnsson í síma 456 5222 eða 894 6125.

Óskum eftir ungum **kvenröddum** í söngleik. Áhugasamir leggi inn nöfn og símanúmer til blaðsins merkt "Rós" fyrir 1. október.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Guðmundur eða Þorgerður í síma 456 3107.

Badminton. Nokkrir vellir eru lausir í íþróttahúsinu á Torfnesi á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum. Mögu-leiki á tilsögn fyrir byrjendur. Hafið samband við starfsfólk íþróttahússins. Helgina 17. og 18. október kemur þjálfari frá Badmintonsambandi Íslands til að leiðbeina á Ísafirði og nágrenni. Tennis- og Badmintonfélag Ísafjarðar.

Til leigu er 230m² einbýlishús við Bakkaveg í Hnífsdal. Hús í toppstandi með frábæru útsýni. Húsið er laust. Leiguhugmynd kr. 50 þúsund á mánuði. Upplýsingar í símum 456 4329 eða 564 4397.

Óska eftir notuðu sjónvarpi, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 3074.

Bílakeppni fjarstýrðra bíla verður haldin við Hrannargötu og Fjarðarstræti fimmtudaginn 24. september kl. 15. Skráning er í símum 456 4336 og 456 4180.

Til sölu er **Volvo 240 GL** árg. 1982 sem er í þokkalegu ástandi og selst ódýrt. Uppl. í síma 456 5270.

Óska eftir **dagmömmu** fyrir sex mánaða gamla stelpu frá kl. 8-12 virka daga. Upplýsingar í síma 456 3644 eftir kl. 18.

Húseignin Hólsvegur 7 í Bolungarvík er til sölu. Húsið stendur á góðum stað, stutt í skóla og engin snjóflóðahætta. Upplýsingar í símum 555 4616 og 587 2432 frá laugardegi til þriðjudags og í síma 00 47 6707 9647. *Jósteinn og Herdís.*

Til sölu er **Renault 21** Nevada, 4x4, station, árg. 1991, ekinn 132 þús. km. Verð kr. 690 þús. kr. Uppl. í síma 587 0039.

Hæ, hæ! Við heitum Bylgja og Heiðdís og okkur langar svo að eignast **kojur**. Ef einhver vill hjálpa okkur þá vinsamlegast hafið samband. Pabbi á pening. Uppl. í síma 456 3905.

Óska eftir að kaupa **rúm** fyrir unga dömu. Upplýsingar í síma 456 4681.

Hef til sölu **Herbalife**, shampoo og body lotion. Frí sending. Upplýsingar gefur Kristín í símum 456 7393 og 861 6414.

ERT ÞÚ ORÐIN(N) ÁSKRIFANDI?



Horfur frá fimmtudegi til mánudags:
Austlæg átt, gola eða kaldi. Súld með köflum á austanverðu landinu en þurrt að mestu vestan til. Heldur kólnar í veðri, einkum norðaustan til.

Tapast
hefur svört lyklabudda. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Halldór Sveinbjörnsson í síma 456 5222 eða 894 6125.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Nýir diskar
Pottþétt 13
Pottþétt Ást 2
Hole
Þetta er R & B
Rammstein
Lhooq
Korn

Ný íslensk mynd
STIKKFRÍ
Nútíma fjölskylduævintýri

Sjónvörp
Heimabíó og
vídeó á mjög
góðu verði
Persónuleg þjónusta!

SÖLUAÐILI
GERVIHNATTA-
BÚNAÐAR
FRUM-MYND
VIÐ NORÐURVEG
SÍMI 456 4853

Íbúi við Strandgötu í Hnífsdal skrifar

Er Bolvíkingum annt um börnin sín?

Okkur sem búum við Strandgötu og Hreggnasa rak í rogastans er við sáum að Bolvíkingar vildu fara fram á hærri hámarkshraða í gegnum Hnífsdal, þar sem við upplifum þvílíka keyrslu hjá nágrönnum okkar, Bolvíkingum, að það væri hátíð að sjá 35 km hraða virtan.

Við sem búum við það að hraðatakmarkanir eru ekki virtar, viljum fara fram á að settar verði hraðahindranir sitthvoru megin við íbúðarbyggð þannig að við Hnífsdælingar þurfum ekki að óttast lengur um líf og limi barna okkar. Vilja Bolvíkingar að við keyrum á 80 km hraða í gegnum þeirra íbúðabyggð eða þar sem börn eru að leik? Okkur Hnífsdælingum þykir vænt um börnin okkar.

Íbúi í Hnífsdal.

AUGLÝSINGAR OG ÁSKRIFT SÍMI 456 4560

9 dagar
í fyrsta leik
í Úrvalsdeildinni!

ÓHÁÐ FRÉTTABLAD Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Getraunanúmer
er 408

Óvissa um framtíð Hf. Djúpbátsins eftir mikið tap á liðnum árum

„Ekki grundvöllur fyrir rekstrinum í því formi sem verið hefur“

– segir Kristinn Jón Jónsson, fyrrum bæjarstjóri og nýkjörinn stjórnarformaður fyrirtækisins

Kristinn Jón Jónsson fyrrv. bæjarfulltrúi og bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ var kjörinn formaður stjórnar Hf. Djúpbátsins í stað Engilberts Ingvarssonar á aðalfundi félagsins í síðustu viku. Auk Engilberts gekk Björgvin A. Björgvinsson úr aðalstjórn og var Eiríkur Kristófersson kosinn í hans stað. Reynir Ingason, sem verið hefur framkvæmdastjóri félagsins um nokkurt skeið, hefur sagt starfi sínu lausu. Framtíð félagsins er óviss.

Rekstur Hf. Djúpbátsins hefur um árabil verið mjög erfiður, þrátt fyrir mikla ríkisstyrki í einu eða öðru formi. Rekstrargjöld félagsins á síðasta ári voru 57,6 milljónir króna en rekstrartekjur þar á móti aðeins 30 milljónir. Tap á reglulegri starfsemi var því 27,6 milljónir króna. Ríkisstyrkir á síðasta ári námu 16,2 milljónum og rekstrartap eftir styrki var því 11,4 milljónir.

Nýkjörin stjórn mun þegar í þessari viku hefjast handa við að fara nákvæmlega yfir rekstrargrundvöll skipsins og leita leiða til þess að komast fram úr fjárhagsvanda félagsins. „Það er ekki grundvöllur fyrir rekstrinum í því formi sem verið hefur“, sagði Kristinn Jón í samtali við blaðið, „og verulegar breytingar verða að koma til ef hann á að geta gengið. Vandinn er sá að finna rekstrargrundvöll fyrir skipið og nýjar leiðir til tekjuöflunar.“

27,6 milljóna króna tap varð af reglulegri starfsemi Hf. Djúpbátsins á síðasta ári. Nýkjörin stjórn fyrirtækisins er að hefjast handa við að kanna rekstrargrundvöll skipsins.

Kristinn Jón Jónsson, nýkjörinn stjórnarformaður Hf. Djúpbátsins

Auk þeirra Kristins Jóns Jónssonar og Eiríks Kristóferssonar sem nú komu nýir í stjórn eiga þar sæti þeir Jónas Ólafsson, Hinrik Kristjánsson og Halldór Antonsson.

Vestfirðir

Fjórðungsþing sett á laugardag

Fjórðungsþing Vestfirðinga, hið 43. í röðinni verður sett í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á laugardag og stendur það í tvo daga.

Aðalmál þingsins í ár er breytt kjördæmaskipan og mun Friðrik Sophusson, fyrrverandi fjármálaráðherra flytja erindi um það málefni. Auk hefðbundinna starfa má nefna að fluttar verða stuttar skýrslur frá Skólaskrifstofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og um þá reynslu sem komin er af fjarnámi með aðstoð gagnvirks sjónvarpskerfis.

Þá verður kynnt starf vegna yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra.

Grunnurinn að nýja skálanum var steyptur undir lok síðustu viku.

Nýr „Harðarskáli“ byggður við nýja skíðasvæðið

Félagshús og tækjageymsla í Tungudal

Hafnar eru framkvæmdir í Tungudal við nýtt félagshús Foreldrafélags Skíðafélags Ísafjarðar, og kemur það í stað Harðarskálans á Seljalandsdal, sem félagið átti en fór í snjóflóðinu árið 1994.

Nýja húsið verður tvær hæðir, 270 fermetrar að grunnfleti. Neðri hæðin verður steypt og þar verður tækjageymsla fyrir skíðasvæðið. Efri hæðin verður hins vegar úr timbri og þar verður félagshús Foreldrafélagsins. Ætlunin er að ljúka við neðri hæðina í haust, en síðan verður ráðist í byggingu félagshússins að vori og henni lokið á næsta ári.

Helstu forsvarsmenn þessarar framkvæmdar eru þeir Páll Sturlaugsson og Einar Valur Kristjánsson.



Mouse Hunt
Hver er að
reyna að
veiða hvern?
Frum-mynd
Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

1978-1998
Skelltu þér
á skíði
í vetur!
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Þær
eru
komnar

Orville örbylgjupopp
Tilboð! 98 kr. pakkinn
HAMRABORG
Sími 456 2166